

Sent til Mbl.is: 1.8.2018
Birt í Mbl: 11.8.2018
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Svanur, ACER og Þriðji orkupakkinn

Svanur Guðmundsson skrifar greinina „Landasala og raforkusala“ um Þriðja orkupakka Evrópusambandsins í Morgunblaðið 1. ágúst 2018.

Helsta umræðuefni hans er Þriðji orkupakki ACER (Orkustofa Evrópusambandsins) og varar við samþykkt hans á Alþingi Íslendinga, en pakkinn verður væntanlega tekinn til umræðu og atkvæðagreiðslu eftir sumarfrí á hausti komanda.

Nokkur atriði í grein Svans

Svanur nefnir Orkustofu ACER á Íslandi „Landsreglara“ en ég mun ekki nota það heiti enda minnir það mig helst á þurs í Íslendingasögum með járnstaf í hendi og ástæða væri að óttast, semsagt leiðandi nafngift.

Ég ætla hvorki að fara út í umræður um landakaup útlendinga til að geta stundað laxveiðar á Íslandi eða kaup útlendinga á hlutum í orkufyrirtækjum. Í svona umræðu þá líta menn gjarnan á orkufyrirtækin sem einhvers konar gullnámu sem ávallt verði mikill gróði af, en það er alls ekki gefið mál eins og dæmin sanna. Einnig kemur í hug að Margaret Thatcher forsætisráðherra Breta seldi yfir 50 ríkisfyrirtæki á stjórnarárum sínum 1980-90, þar á meðal raforkufyrirtækin. Núna 30 árum síðar eru þau flest í eigu erlendra aðila og virðist ekkert vera að því.

Svanur heldur því fram að samþykkt Annars orkupakkans í íslensk raforkulög 2003 hafi verið mistök. Þetta er að mínu mati alls ekki rétt og þyrfti hann að útskýra þá staðhæfingu sína nánar.

Svanur ber saman aðstæður á markaði í Brelandi við aðstæður á Íslandi og segir: „Raforkuframleiðsla á ESB-markaði er að ráðandi hluta er keyrður á kolum og jarðgasi. Hér er allt keyrt á vatni og jarðhita. Markaðsaðstæður á jarðefnum stjórna því verðinu í ESB-löndum en hér sveiflast ekkert nema rigningin.“ Mér er fyrirmunað að skilja þetta og botna reyndar bara ekkert í því. Ég fylgist daglega með raforkumarkaðnum á Bretlandi og get upplýst Svan um að framleiðsla úr kolum er nú sem komið er hverfandi. Raforkuframleiðsla úr endurnýjanlegum orkuauðlindum hafa á undanförunum árum verið að taka forystu undir merkjum uppboðsmarkaða sem halda samkeppni í heiðri. Þetta er vel hægt á Íslandi og einhver meiri háttar misskilningur hjá Svani að svo sé ekki.

Svo er hér smá athugasemd um að í grein Svans kemur fram að heildarnotkun Íslands af raforku er 17 Twh (Terawattstundir). Hefði mátt nefna að þetta væri árleg notkun, en til að halda málum til haga er hún víst nærri 19 TWh/ári.

Tímalína Þriðja orkupakka ACER

Ekki er úr vegi að fara yfir helstu atburðarás málefnum Þriðja orkupakkans:

1996: **Fyrsti orkupakki ESB**; opnað á frelsi í viðskiptum með raforku og bókhaldslegur aðskilnaður vinnslu, flutnings og dreifingar hjá raforkufyrirtækjum. Hámark sett varðandi magn gróðurhúsalofttegunda. Útblástur án endurgjalds.

2003: **Annar orkupakki ESB**; frelsi í raforkuviðskiptum innleitt þannig að notendum var gert kleift að velja sinn eigin framleiðanda raforku. Hertari takmarkanir á útblæstri gróðurhúsalofttegunda og útblástur yfir 90% af heimildum verður gjaldkvæður.

2003: Ný raforkulög sett á Íslandi, þar sem tilskipanir fyrsta og annars orkupakka eru innleiddar.

2009: **Þriðji orkupakki ESB**; lagfærir tilskipanir annars orkupakka og leggur grundvöll að innri orkumarkaði ESB. Sameiginlegur aðgangur að millilandatengingum og stýringu þeirra.

2011: Eftirlitsstofnun ESB í raforkumálum ACER stofnsett.

2015: Fimm stoðir mótaðar hjá ACER í rammaáætlun orkumála: (1)Afhendingaröryggi raforku, (2)Samþættur innri orkumarkaður, (3)Orkunýting, (4)Loftslagsaðgerðir og (5)Rannsóknir og nýsköpun.

2016: **Fjórdi orkupakki ESB** eða „Vetrar-pakkinn“ boðar hreina orku fyrir alla Evrópubúa árið 2030: leggur grundvöll að virkjun endurnýjanlegrar orku til raforkuframleiðslu og setur ný ákvæði um afhendingaröryggi raforku.

Apríl 2018: Norðmenn samþykkja með 75% meirihluta í Stórþinginu að fella Þriðja orkupakkann inn í EES samninginn milli EFTA og ESB. Hið sama hefur einnig gerst í Lichtenstein.

Mai-Ágúst 2018: Umræður á Íslandi um þriðja orkupakkann og hvort eigi að samþykkja hann á Alþingi.

Verksvið ACER

ACER stefnir að því að koma á fót sameiginlegum innri markaði fyrir raforku í ESB og aðstoða kerfisstjórnir einstakra ríkja við aðlögun.

Verksvið ACER er nánar að: (1)Stuðla að samræmingu í stjórnun raforkukerfa milli landa í Evrópu, (2)Aðstoða við að móta evrópskar reglur um stjórnun á raforkukerfum, (3)Taka einstakar bindandi ákvarðanir um skilmála og skilyrði varðandi raforkutengingar yfir landamæri í Evrópu, (4)Ráðleggja evrópskum stofnunum um málefni sem tengjast raforku. (5)Fylgjast með innra markaði fyrir raforku í hverju landi fyrir sig og (6)Fylgjast með heildsölumarkaði með raforku í hverju landi fyrir sig til að greina og hindra markaðsmisnotkun. Eftirlitið verður í nánú samráði við kerfisstjórnir landanna.

Þessi atriði eru flest tæknilegs eðlis, en í umræðu hér á landi hefur mest farið fyrir hinum lagalega þætti ACER og hvort framsal á þjóðlegu valdi eigi sér stað í bága við heimildir í stjórnarskrá Íslands. Það virðist ekki vera samkvæmt upptalningunni hér að framan.